



Lækkun á hlutabréfamörkuðum í janúar

Töluverðar lækkanir urðu á hlutabréfamörkuðum flestra stærstu viðskiptalanda Íslands í janúar. Íslenski markaðurinn lækkaði einnig enda hafa verðbreytingar erlendis haft tilhneigingu til að skila sér í samsvarandi verðbreytingum hérlendis. Segja má að hlutabréfamarkaðir hafi verið nokkuð stefnulausir síðustu mánuði og hafa verðlækkanir fylgt verðhækkunum og svo öfugt. Mesta hækkun á innlendum hlutabréfum var hjá Icelandair Group í janúar en mesta lækkunin var hjá Origo.

Sé litið til verðþróunar einstakra félaga á OMX-markaðnum í kauphöllinni hækkaði Icelandair Group mest í janúar, eða um 13,2%. Næstmest hækkaði Skeljungur, eða um 9,9%, og þriðja mesta hækkunin var í Iceland Seafood, eða 6,1%. Þar á eftir komu Eik fasteignafélag (4,1%), Hagar (3%) og Reitir fasteignafélag (2,9%). Fjármálafyrirtækin lækkuðu öll í janúar en mesta lækkun var hjá Kviku banka og Origo sem lækkuðu um 9,7%. Þar á eftir kom Marel með 7,3%, svo VÍS (6,4%), Arion banki (5,5%) og Síldarvinnslan (4%). Alls lækkaði verð 11 félaga en 8 félög hækkuðu. Eitt stóð í stað en það var Eimskip.


Eimskip hækkað mest síðustu 12 mánuði

Sé horft á 12 mánaða ávöxtun einstakra félaga heldur Eimskip ennþá efsta sætinu með 94,2% hækkun en skammt þar á eftir kemur Arion banki með 88% hækkun. Í þriðja sæti kemur síðan Sýn með 75,8% hækkun. Stærsta félagið í Kauphöllinni, Marel, er eina félagið sem hefur lækkað í verði síðustu 12 mánuði en það hefur lækkað um 3,1%. Minnsta hækkunin er hjá Íslandsbanka en það skýrist að hluta til af því að félagið var skráð á markað í júlí á síðasta ári og á því ekki 12 mánaða sögu. Næstminnsta hækkunin er síðan hjá Högum, eða 21,9%.


Íslenski markaðurinn lækkaði um 4,8% í janúar

Íslenski markaðurinn lækkaði um 4,8% í janúar samkvæmt heildarvísitölu OMX.¹ Sé litið til hlutabréfamarkaða helstu viðskiptalanda Íslands var lækkun á þeim öllum. Mest var lækkunin í Svíþjóð, eða 9,8%. Þar á eftir kom nágrannaríkið Danmörk

Ávöxtun hlutabréfa í janúar



12 mánaða ávöxtun hlutabréfa



¹ Iceland All-share Total Return (OMXGI)




með 8,9% lækkun. Bandaríkin komu síðan næst með 5,3% lækkun og þriðja Norðurlandþjóðin, Finnland, kom þar á eftir með 5% lækkun. Minnsta lækkunin var í Bretlandi (0,4%) en þar á eftir komu Kanada (0,6%) og Noregur (2,4%). Segja má að hlutabréfamarkaðir hafa verið nokkuð stefnulausir síðustu mánuði eftir töluverðar hækkunir framan af síðasta ári. Þannig hefur lækkun í einum mánuði tekið við af lækkun í næsta mánuði. Þannig var lækkun í september, nóvember og janúar en hækkunir í október og desember. Í þessu sambandi má benda á að markaðurinn hér á landi hefur á síðustu árum sveiflast að töluvert miklu leyti með sveiflum erlendis. Þannig hafa verðlækkunir erlendis jafnan leitt til verðlækkana hérlendis. Að sama skapi hafa verðhækkunir hérlendis tilhneigingu til að fylgjast að við verðhækkunir erlendis.

Íslenski markaðurinn hækkaði mest á síðasta ári

Íslenski markaðurinn hefur hækkað um 30,7% á síðustu 12 mánuðum. Það er mesta hækkunin sé litið til ofangreindra þjóða. Næstmest var hún í Frakklandi (25,8%) og þriðja mest í Noregi (21,9%). Japan rekur lestina með 4,8% hækkun en þar á eftir kemur Finnland (10,1%) og Þýskaland (11,4%).


Ávöxtun hlutabréfamarkaða í janúar



Heimild: Macrobond


Hlutabréfamarkaðir heima og erlendis

Vísitala: byrjun jan 2019=100



Hlutabréfamarkaðir helstu viðskiptalanda sem koma fram í þessari hagsjá:
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond

12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.